



REGLUR AKRANESKAUPSTAÐAR UM LAUNALAUS LEYFI

1. gr.

Umsókn um launalaust leyfi skal afhent sviðsstjóra eða forstöðumanni á þar til gerðu eyðublaði ásamt nauðsynlegum fylgigögnum. Umsókn skal sett fram að minnsta kosti fjórum mánuðum áður en áætlað leyfi mun hefjast. Heimilt er að taka til afgreiðslu umsókn um launalaust leyfi þó fyrirvarinn sé skemmri en fjórir mánuðir vegna ástæðna sem umsækjandi gerir grein fyrir og metnar eru fullnægjandi.

2. gr.

Allar umsóknir um launalaus leyfi og afgreiðslur þeirra skulu skráðar í málakerfi Akraneskaupstaðar. Afrit skal varðveitt í starfsmannaskrá umsækjanda.

3. gr.

Launalaust leyfi er ekki veitt til lengri tíma en tólf mánaða. Að öllu jöfnu er ekki veitt launalaust leyfi til lengri tíma en þriggja mánaða nema starfsmaður hafi unnið hjá Akraneskaupstað í að minnsta kosti þrjú ár.

Sama starfsmanni er ekki veitt endurtekið leyfi, til lengri tíma en þriggja mánaða, nema liðin séu minnst þrjú ár frá því að það var síðast veitt.

4. gr.

Launalaust leyfi er veitt þegar til þess liggja ríkar ástæður sem starfsmanni ber að tilgreina. Þær ástæður sem helst koma til álita eru leyfi til náms sem nýtist í starfi, sérstakar fjölskylduástæður, framlenging á fæðingarorlofi, foreldraorlof og aðrar ástæður sem til þessara má jafna eða sem metnar eru gagnlegar fyrir viðkomandi stofnun.

Alla jafna er ekki veitt launalaust leyfi ef starfsmaður hyggst ráða sig í annað starf sem tengist ekki starfi viðkomandi hjá Akraneskaupstað.

5. gr.

Ef óhjákvæmilegt reynist að ráða starfsmann í stað þess sem veitt er launalaust leyfi, skal skriflega frá því gengið með tímabundinni ráðningu sem fellur niður í lok ráðningartímans án uppsagnar.

6. gr.

Sviðsstjóri/forstöðumaður hefur heimild til að veita launalaust leyfi til allt tólf mánaða að fenginni staðfestingu bæjarstjóra. Sviðsstjóri/forstöðumaður hefur heimild til að veita launalaust leyfi til skemmri tíma en einn mánuð án staðfestingar bæjarstjóra.

Bæjarstjóri hefur heimild til að veita sviðsstjóra/forstöðumanni launalaust leyfi í allt að fjóra mánuði. Bæjarráð tekur ákvörðun um leyfisveitingu sviðsstjóra/forstöðumanns, eigi leyfið að standa lendum en fjóra mánuði.

7. gr.

Ef um er að ræða sérstakar ástæður sem varða starfsmann og hagsmunir Akraneskaupstaðar mæla með því að víkja frá framangreindum reglum og veita rýmra leyfi, skal sviðsstjóri eða forstöðumaður stofnunar senda tillögu að afgreiðslu ásamt greinargerð umsækjanda til bæjarstjóra sem tekur ákvörðun um veitingu leyfisins.

8. gr.

Synjun um launalaust leyfi er unnt að skjóta til bæjarráðs Akraneskaupstaðar.

Synjun bæjarráðs um launalaust leyfi sviðsstjóra/forstöðumanns er unnt að skjóta til bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar.

Málskot skal gert innan 30 daga frá móttöku tilkynningar til umsækjanda um synjun leyfis.

9. gr.

Í launalausum leyfi falla niður tiltekin samningsbundin réttindi svo sem slysatryggingar og veikindaréttur en nánar er kveðið á um þessi atriði í kjarasamningum.

10. gr.

Reglur þessar skerða ekki áunninn eða umsáminn rétt starfsmanns á grundvelli kjarasamninga.

Samþykkt í bæjarráði Akraness þann 25. febrúar 2016.

Samþykkt í bæjarstjórn Akraness þann 8. mars 2016.


Regína Ásvaldsdóttir
bæjarstjóri